

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Fjórði og fimmti málsliður 1. mgr. 14. gr. breytast og verða svohljóðandi: Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, og viðkomandi fagraði ef meistaranám er á hendi fleiri en einnar skorar. Skor eða fagrað getur lagt til við deildarráð að umsókn sé hafnað.

#### 2. gr.

Aftan við upphafsmálslið 16. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er þó að setja sérstakar reglur og kveða á í þeim um námsleiðir sem eru minnst 45 e.

#### 3. gr.

Þá verða eftirtaldar breytingar á 105. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, sbr. 5. gr. reglna nr. 532/2005:

1. Fyrsti málsliður 3. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Til M.A.-prófs er að jafnaði krafist minnst 60 eininga.
2. Annar málsliður 4. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Heimilt er í þeim reglum, að kveða á um námsleiðir sem skorir standa sameiginlega að, og námsleiðir, þar sem krafist er minnst 45 eininga til meistaraprófs.

#### 4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. september 2005.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*